{Þess íslendska evangeliska
{Smábóka Félags rit No. 6.}

2. útgafa.

Guds Lofgiörd

af eins barns munni,

uppskrifud af þess Sóknarpresti,

en

útlögd úr svensku af útgefaranum.

Vid byrjun ársins 1764 kom til skólans í Jockmock ein 13 ára gömul stúlka ad nafni Elsa Larsdóttir, lapplendsk ad ætt. Einu ári ádur hafdi sú eldri systir hennar farid, med hrósi, frá þessum skóla, heim aptur til sín.

Þegar þessi Elsa heyrdi systur sína heima vera ad sýngja sálma og lesa á bók, fékk hún inniliga laungun eptir ad mega, ef Gud vildi, ogsvo komast í skólann, til þess ad ávinna sömu þekkingu og jafna upplýsíngu í kristindóminum, sem hún. Og jafnvel þó hún, nær í skólann kom, liti mikid óhraustliga út, vildi eg þó ecki (skrifar presturinn), veigra mér vid ad veita henni vidtoku. Hún var eitt mikid kyrlátt, sidsamt og velþeinkjandi barn; mikid lagkæn og lipur til allra þeirra handatiltekta, sem hún vanist hafdi, og ótrúliga kostgæfin vid bókina, hvoria hún naumast

gat frá sér lagt. Hafdi þar hjá gódaun skilníng og næmi.

Þegar hún í skólann kom, kunni hún allareidu stafrofs-kverid og hálf Lúthers frædi, sem systir hennar hafdi kennt henni. En í Junii mánadar byrjun var hún ei alleinasta búin med frædin og Hogstroms kristindóms-spurníngar á lappisku, sem hún kunni utanbókar, heldur kunni þar ad auki þrjá hofudpartana af Svebelii spurníngum; þar fyrir utan gat hún súngid þá kunnugustu sálma á lapplendsku sálmabókina. Nær hún til skólans kom, var hún allareidu siúklig, og, eptir mínum þánka, þvíngud af lúngnaveiki, sem alltíd í voxt fór, svo hún var ad mestu sængurliggjandi, jafnvel þó hún sæti uppi nockra tíma á hvörjum degi. Þverran krapta hennar gaf ljósliga til kynna, ad daudinn nálgadist hana ódum, sem eg ecki heldur sparadi, svo inniliga, sem eg gat, ad setja henni fyrir sjónir. Samt var hún glod og ánægd, en óskadi þó opt ad hún fengi ad deya sem eitt gudsbarn og frelsast frá eylífri fortopun. Hennar andakt og kostgæfni í bæninni vóx stund eptir stundu. Svo mikid sem hún gat, las hún í bókum, og nær helst sem eg komst til, sat eg hjá sæng hennar, til ad tala vid hana.

Einn sunnudag þá folkid kom frá kyrkjunni, beiddist hún ad fá ad vita, um hvad predikunin hondlad hefdi. Þegar menn hofdu sagt henni þad sem þeir mundu, vard talad um kvoldmáltídar sakramentid, sem um daginn hafdi haldid verid, og ad á medal

kvøldmálsgestanna hefdi verid ein stúlka 13 ára gömul, sem þá í fyrsta sinn fengid hafdi ad vera vid þessa dýrmætu máltíd. Þegar hún heyrdi þad, lagdi hún saman hendur sínar, leit til himins og sagdi: „Gud láti þig hafa verduga verid, þá ertu sæl og luckulig.“ Hvor ord hún ítrekadi tvisvar edur þrisvar sinnum. Sídan lá hún allan daginn rólig, sat þó uppi eina stund í milli, og skemtan hennar var þar í falinn, ad hún las nýa testamentid í bibliunni, og hafdi yfir fimta hofudpartinn í Lúthers og Svebelii spurníngum um kvøldmáltídina. En einkum féll hún í einslags athugasemi, svo opt hún las innsetníngar-ordin. Hún lagdi bókina frá sér, spennti greipar og sagdi: „Jesús segir: etid og dreckid hér af allir! svo fáum vér þá allir leyfi þar til. Þad er Jesú hold, þad er Jesú blód, sem vér fáum ad eta og drecka til syndanna fyrirgefníngar — og hans endurminníngar.“ Undir eins blés hún þúngan og sagdi med hárri raustu: „æ ad eg fengi ad gánga til Guds bords! Eg vil eta Jesú hold, eg vil drecka hans blód! eg vil vera í Gudi, eg vil vera eitt med Gudi! þad er útgefid til syndanna fyrirgefníngar. Eg þarf syndanna fyrirgefníngar vid og styrks fyrir mína trú. Vér eigum ad eta og drecka til hans endurminníngar. Eg vil ad mín sála skuli minnast hans dauda og testamentis. Ó, eina sáluhjálpliga endurminníngu!“ Þegar eg merkti ad laungun hennar eptir kvøldmáltídinni var yfrid stór, svo hét eg ad hún fá skyldi ósk sína, ad gánga til Guds

bords, sem þó, eptir hennar bedni, og beggja ockar samþycki, skyldi dragast til nærsta dags. Um kvøldid bad hún um ljós, og um nóttina las hún bædi Lúthers og Svebelii útskíríngar yfir fimta part frædanna, og Høgstrøms rædu á pálma-sunnudag, í sinni útgefnu lapplendsku postillu.

Um dagmálabil um morguninn lét hún bidja mig, ad þessi heil. athøfn mætti framfara í mínu húsi. Jafnvel þó eg, af ótta fyrir því, ad hún ei gæti svo lengi á fótum verid, hefdi heldst viljad ad hún kyr hefdi legid í rúmi sínu, fécк eg þó ecki af mér, ad synja henni óskar sinnar.

Nær allt var nú tilbúid, kom hún klædd inn í húsid, og hin ønnur skólabørnin fylgdu henni. Þar var og nálægt ei alleinasta allt stadar-fólkid, heldur einnig nágrannarnir, sem bjuggu nærri kyrkjunni. Sídan var stúlkan leidd fram, og svo féll hún á kné, á einu hægindi, fyrir einum stóli. Hún leit út sem nockud ángurbitin og efasøm, og bad ad skriftamálin yrdu ei byrjud fyrri, enn hún fengid hefdi svar uppá nockrar spurníngar, sem hún bad sér leyfdist ad fram-setja, hverjar í hennar þaunkum uppkomid hefdu og ollad henni órósemi. Þegar hún fécк leyfi þar til, sagdi hún fyrst: „eg er úng; eg er ecki komin til þess alburs; edur hefi fyllt þá áratølu, ad kvøldmáltídin mér leyfast megi, og eg óttast því, ad eg óverdug til hennar gánga muni?"

Eg svaradi hértil: Þad sem brestur uppá aldur

þinn, uppfyllist af skynsemi og þroska sálar þinnar. Þig húngrar og þyrstir eptir réttlætinu, þessvegna er það rétt, að þú við Guðs borð fáir saðníngu og svölun. Drottinn kallar þig þar til sjálfur, að þú fáir mættir endurnæríngu og ró fyrir þína sálu. Í annann máta framsetti hún þetta efamál: „Eg kann ekki allar Svebilii spurníngar utanbókar, og þér viljið þó að önnur skólaborn skuli kunna þær, áður enn þau fái að gánga til guðsborðs; hvornig kann eg þá að vera verðug til þess?“ Eg svaraði: önnur born hafa heilsu, og það skaðar þau ekki, þó þau þroskist meir enn þú, áður þau gánga til altaris. Það er og hætt við að þau gleymi því síðar, sem þau lært hafa, ef þau kunna það ei því betur áður. En þinn sjúkdómur leysir ei soddan undandrátt. Þín þekking er lítil ánægjanlig, og þú hefir þá innvortis reynslu, sem lángt yfirstigur þeirra; svo að eg með allri fullvissu, sem einn Guðs sendiboði, þori að uppljúka fyrir þér brúðkaupssalnum. Þá sagði hún: „Eg var hrædd, að þér, vegna sjúkdóms míns, og til að ángra mig ekki, vilduð ei hindra nýungagirni mína, og að eg þessvegna kynni mér til óluckn og í ótíma að koma fram, og verða sek við hold og blóð Drottins.“ Eg svaraði: eg vil þín vegna, í Guðs augliti standa í veði fyrir, ef eg ekki byggi minn dóm, um ástand sálar þinnar, á hans eigin orði. En því framar sem eg athuga ásigkomulag þitt, því sterkari fullvissu get eg gefið þér um, að þú sért einn verðugur og vel-

kominn gestur vid Guds bord. Þridja spurníngin var þessi: „Eg trúi því ad sonnu vel, ad Gud fyrirgefi mér nú syndir mínar, en eg er þó svo ofurveik til ad geta haldid þad, sem eg lofa Gudi. Eda hvornig er Guds fyrirgefníngu varid? Ef eg nú sídar fer einhvorju sinni villt, tilreiknar hann mér þá þær syndir ad nýu, sem hann nú fyrirgefur, edur eru þær ad ollu leiti kvittar gefnar? Eg er svo hrædd um, ef eg lifi, ad eg falli aptur." Eg svaradi: Guds loford stendur eylífliga stodugt. Hann fyrirgefur syndina svo, ad hann aldrei framar minnist hennar; og hann tekur syndarana til nádar, nær þeir umvenda sér. En med nýum syndum kunnum vér þó ad falla svo, ad vér eylífliga fortapadir verdum, ef vér ei aptur uppstoudum. En vertu ecki hrædd, fyrir þeim eptirkomanda tíma! nær vér med alvoru sækjum eptir sáluhjálpinni; nær vér erum sífeldt varehgdarsamir; nær vér réttiliga brúkum nádarmedolin, þá verdum vér, fyrir Guds krapt, vardveittir til sáluhjálpar. Drottinn megnar ad geyma vort andliga-góts, sem hann hefir oss á hendur falid; já ad geyma þad svo, ad helvítis-port ei verdi oss yfirsterkari, til ad ræna oss því. Þar á eptir mælti hún svoleidis: „J. Jesú nafni, látid þá Guds verk framgáng fá. En allir sem nálægir erud, bidjid Gud fyrir mér, ad eg geti nú verid eitt verdugt skriftabarn!"

Eptir þad hún medtekid hafdi kvoldmáltídina, var henni fylgt aptur í sæng sína, og svo lá hún

allan daginn rólig og ánægd, svaf ogsvo vel nockurn part næturinnar. Morguninn þar eptir, undir eins og eg var á fætur kominn og hafdi haldid bænagjørd, geck eg til sængur hennar, og spurdi, hvornig henni nú lidi? Hún tók þá ad gráta og sagdi: ad Gud hefdi minnt sig á eina synd, hvorri hún hefdi ádur gleymt og þagad yfir. Eg bad hana þá segja mér frá henni svo sem hún væri, og þá sagdi hún: „fyrir nockrum árum sídan skipudu foreldrar minir mér ad vakta hreyn-kýrnar úti í haganum. En þegar regn kom, setti eg mig nidur undir einu tré og sofnadi. Þegar eg þá kom aptur til hreinanna, vantadi 2, sem eptir fiøgra daga leit fundust aptur, þær høfdu hlaupid í burtu medan eg svaf, en eg sagdist hafa mist þær úti einn þraungvan skóg. Nú hefi eg med þessu fyrst logid, sídan vanheidrad mína foreldra, þar eg ecki betur hirdti um ad gjøra þad, sem þau høfdu skipad mér. Eg orsakadi þeim og svo med þessu mikla mædu, þar ed leitad var í nockra daga. Eru nú þetta ecki þúngar syndir? og nú finn eg ecki fram-ar foreldra mína, svo eg geti bedid þau ad fyrirgéfa mér, og þó er eg búinn ad vera til Guds bords!" Eg svaradi: Drottinn hefir vissuliga fyrirgefid þér þetta barnabrot. En mér þykir þad þó mikid vel fara, ad þér kom þessi synd í hug, og ad þú vidur-kendir hana, og svoleidis kanntu þá enn framar bidja þinn frelsara fyrirgefníngar þar á. Því inniligar sem madur kemst í umgengni med Gudi, því sídur

þolir hann nockurn synda fleck á sálu sinni. Hún tók þá í hond mér og mælti: „þetta er ad vísu huggunarsamligt, sem þér segid, en fyrir Guds sakir verid ecki ofmildur vid mig! Eg fel mig á ydar vald, sem eitt barn sínum sáluforgara og kennifødur, med eptirlaungun ad verda sáluhólpin. Eg skal opinbera ydur allt mitt hjarta. Eg vil einkis hlutar ydur dylja. Eg vil gjarnan fylgja ydar rádum. En verdi eg ecki sáluhólpin, þá áklaga eg ydur fyrir Gudi." Og í því bili hún sagdi þetta, leit hún stíft á mig, og mælti: „getid þér verid lengur hjá einni manneskju, sem er ydur svo þúng? Eg svaradi: ad eg aldrei gæti verid á mér kærara stad, enn hjá einni sálu, sem svo hugsjúk væri um sína sáluhjálp. Eg bad hana þá, ad hún af øllu hjarta og med fullu trausti skyldi, sem ein brúdur, varpa sér í síns herra og frelsara fadm, og fyrir hans skuld bída eptir og bidja um sáluhjálpliga útfør af þessum heimi.

Upp frá þessari stundu fann eg hana alltíd ánægda og glada; en eptirlángan hennar ad fá innanskams ad skiljast hér vid, vard mikid stór. Hún taladi um, ad Gud drægi þad svo ofurlengi undan, en undir eins bad hún ad Gud vildi fyrirgefa sér þessi sín óþolgædis-ord. „Mig lángar," sagdi hún, „til ad deya; þó ei fyrir þá skuld, ad eg þjáist af sjúkdóminum, því sjúkdómur minn er léttur og þolanligur, svo eg get setid uppi og komid ofan, og eg finn varla til þess, ad eg sjúk sé. En mig lángar

eptir ad sjá Gud og vera hjá þeim sáluhólpnu í himnaríki. Öll min hrædsla er horfin, og eg vona ad verda sáluhólpin. Eg er sjúk í annara augum, en mér lídur þó miklu betur, heldur enn ádur, medan eg hafdi þá bestu heilsu; eg vil aldeilis ecki skipta um ástand mitt nú, vid þann besta dag, sem eg lifad hefi í heiminum. Eg vil ogsvo ennú lifa nockud, ef Drottni svo þóknast, já gjarnan lifa því vesælasta lífi í manna augum, ad eins eg ecki missi þá gledi í Gudi, sem eg nú smacka." Eg svaradi: þad getur þó verid sálu þinni nytsamligra, medan þú í holdinu ert, ad Drottinn drag í hlé fyrir þér, um stundar sakir, þá stakligu tilfinníngu nádar nálægdar sinnar. Þegar eg sagdi þetta, samanlagdi hún hendur sínar, apturlukti augunum og sagdi: „ó, Drottinn! víkir þú í burtu frá mér, þá gjör mig ad einu hlýdnu og þolinmódu barni! nær eg hefi þig, þá hirdi eg ecki um, þó minn líkami og sála vanmegnist; en missi eg þig, þá missi eg allt, því þú ert mín hjálp, mín huggun og mitt hlutskipti." Morguninn þar eptir, nær eg kom ad sæng hennar, var hún hjartanliga glod og sagdi mér frá, ad sig hefdi um nóttina dreymt einn mikid yndisligan draum, þar hún hefdi þókst vera í einu hinu glediliggsta samkvæmi, hvar talad hefdi verid um Gud og Frelsarann, um hans nád og miskunsemi vid syndugа menn, um hans stóru makt og dýrd, um himnaríki og sælufullt ástand þeirra útvoldu. Hún útmáladi þá, sem verid hefdu hjá sér í svefninum, og sagdi,

ad þeir hefdu verid svo gladir, hreinir, vingjarnligir og kærleiksfullir, ad hún efadist um, ad þvílíkir findust nockurstadar á jørdunni, sem væru eins og þeir, er hún sá í nefndu samkvæmi. Hun sagdi þá vid mig: „þér vorud ogsvo í hópnum med, hélldud í hønd mér og fylgdud mér gódan spøl, en sídan urdud þér eptir, en eg fór áfram med hópnum."

Eg gladdist yfir þessu med henni, og sagdi ad Frelsarinn léti hana med þessu móti gleyma sínum líkamans þjáníngum, og gæfi sálu hennar med þessum afmálunum til kynna, ad eitt betra og ánægjusamara líf væri, eptir þetta, fyrirbúid øllum gudhræddum, því sæla sú fé stærri, enn nockurt auga hafi séd, nockurt eyra heyrt, edur í nockurs manns hjarta komid hafi. Hvad mig snertir, þá held eg svo gott sem í hønd þér, þar eg fylgi med, til ad undirbúa þig til daudans; en nær englarnir leida þig hédan í burtu, þá hlýt eg um nockurn tíma ad vera hér kyrr eptir.

Heila daginn lá hún allt af í stilli, glød og rólig; og fagnadi hjartanliga yfir því, nær børnin lásu Gudsord hjá rúmi hennar, edur súngu nockra sálma, og hún saung æfinliga undir, svo mikid sem hún gat. Morguninn eptir, þegar eg kom til hennar, og spurdi um hennar ástand, tók hún á móti mér brosandi, med mikid gladværu yfirbragdi, og sagdi undir eins: „þad er gott ad liggja á banasænginni. Eg hefi ecki um alla mína lífdaga, medan eg hafdi heilsu í verøldunni, reynt slíka ánægju, sem eg nú reyni;

hvilík gledi má þá ecki vera í þeim eylífu dýrdarbú-stødum og í umgengni med þeim sáluhólpnu! Eg hefi þessa nótt haft samkvæmi med tveimur frídum og dæiligum júngfrúm. Þær lágu í rúminu hjá mér, ønnur á hægri en hin á vinstri hlid. Rúmid glansadi eins og silfur og gull og júngfrúrnar voru dýrdligar. Þær høfdu med sér klædnad, og klæddu mig í hvít og fogur klædi. Vid fórum sídan allar á fætur til ad leika ockur, og þá heyrdi eg nockra segja: látum oss fagna og gledjast, því lambsins brúdkaup er komid, og þess brúdur hefir sig tilreidt! Ein ønnur raust hrópadi: sælir eru þeir sem í lambsins brúdkaup kalladir eru!' En þetta hvarf allt, þegar eg vaknadi." Eg svaradi þá: Gud gledur sitt kæra barn á þess sóttarsæng, med þvílíkum fogrum draumum, og þá sagdi hún: þetta var einginn draumur, þad var meira enn draumur." Hvor ord hún margsinnum ítrekadi upp aptur og aptur og stundi þúngan, rétt eins og henni misslíkadi, ad eg kalladi þad einn draum. Þessvegna sagdi eg til hennar: þetta má vera hvad þad vera vill, en eg fagna mikiliga yfir, ad Drottinn med þessum fyrirmindum dregur þína girnd, líf þitt og allt þitt hjarta frá heiminum til þess eptirkomanda, og med þessu móti gjørist daudinn, sem morgum er skelfiligur, þér svo kær og velkominn, ad þú ecki neitt stakliga kennir þíns líkama og daudans þjáninga. Hún svaradi: „Eg er ecki mikid sjúk, og eg líd ecki mikla líkamans pínu. En mín eptirlángan ad koma-

til Guds, er mikið stór. Eg get sannliga ecki komið orðum þar að. Eg hefi ecki vogað að tala þarum, af ótta fyrir því, að eg fengi ávítur fyrir mína óþolinmæði, og fyrir það eg ecki væri Guðs vilja undirgefin. Eg hefi þó alltíð viðurkennt þetta fyrir Guði, fyrir eina synd, á hvörri eg hefi beðið, og ennú bið fyrirgefníngar. Hvörn morgun, þá sóliu rennur upp, þeinki eg: æ náðugi Guð! mun eg ecki snart fá að sjá aðra sólu, sem aldrei undirgengur? en eg vil vera ánægð, og bíða þeirrar stundar. Mín hérvist getur þó vissuliga ecki lángvinn orðið." Hún bað mig síðan að bera sína hjartanliga kveðju foreldrum sínum, með þeirri áminníngu, að þau ei skyldu syrgja sig; af því — sagði hún — að eg dey sem eitt guðsbarn, og fer nú út frá þessum vesæla heimi, inní Guðs eiglu dýrð; þar ósska eg að fá að sjá þau; þar munum við þá eylífliga til samans gleðjast hjá vorum frelsara. Þar eptir sagði hún með hárri röddu: „þackið foreldrum mínum, mín vegna, fyrir allt það góða, sem þau hafa mér sýnt; en einkum fyrir það, að þau samsinntu því, að eg fengi að fara í skólann; það var ein blessuð stund, þegar það skeði!" Síðan bað hún mig, að setja þeim fyrir sjónir, að þau skyldu vel nota sér náðarinnar tíma, og nefndi nockrar yfirsjónir, sem hjá þeim útrýmast þyrftu, og síðan sagði hún: „mínu nýa klæðnað, sem eg fengið hefi, þykir móður minni vænt um að sjá, og eg bið því, að hann skilist henni aptur." Eg bað hana að vera

ecki hugsjúka þarum: þín móðir skal gjarnan fá að halda þeim, sagði eg, til síns kæra barns endurminníngar. Allann þennann dag var hún mikið máttvana, en þó innvortis rólig og ánægð. Eptir það búið var að halda bænagjörð um kvöldið, gjörði eg þá ráðstöfun, að tvær úngar stúlkur og ein fullorðin skyldu vaka hjá henni um nóttina. En varla var eg genginn í burtu frá henni, fyrr enn hún bað fólkið að slöckva ljósið og fara að hátta. Hún sagðist ecki geta séð uppá það, að fólkið hefði svo mikla mæðu fyrir sér, að vaka yfir sér. En hún sagði þó þar hjá: „að ef einhver vildi vera hjá sér í rúminu, þækti sér vænt um, en einganveginn vildi hún láta vaka." Þegar nú enginn tók undir þetta, brosti hún og sagði: „nú sé eg að þið þorið ecki að vera í rúminu hjá mér, af hræðslu fyrir því, að eg muni deya. En eg lifi þó víst af þessa nóttu; og þó eg dæi, svo vil eg að einginn skuli vera hræddur við mig. Eg veit vel, að lifandi manneskjur eru hræddar við þá dauðu. Eg hefi verið það líka svo. En geti þeir dauðu verkað nockuð meðal þeirra lifendu, þá skyldi eg víst heldur gjöra yckur gott enn illt. Eg vildi fegin vera í fylgð með þeim, sem útsendir eru af Guði, til þénustu þeim, sem erfa skulu sáluhjálpina."

Heilu nóttina lá hún svo eckert á henni bar. En um morguninn, þá fólkið fór á fætur, spurði hún eptir hvört eg væri vaknaður; vildi þó ecki láta vekja mig, fyrrenn eg sjálfur vaknaði. Um miðjan

morgun kom kona mín að sæng minni, og sagði: að sú sjúka hefði spurt eptir mér. Eg reis snart úr rekkju og gekk til hennar. Þegar eg kom, sagði hún: „Minn Endurlausnari er nú ekki lángt í burtu." Eg spurði hana þá, hvert hún hefði haft mikla verki þá nóttu, með því hún vissi að dauðinn væri svo nálægur? Hún svaraði: „Eg hefi ekki haft minnstu ádkenníngu af nokkrum verkjum, því eg hefi séð sjálfan Drottinn, með sína þyrnikórónu á höfði, og hans dýrð var mikil. Eg stóð fyrir hans stóli og grét fyrir hans fótum; en hann þurkaði af mér tárin, tók í hönd mér, upplauk einni bók, og sagði: les þú! Eg las, og sá með gleði, að mitt nafn var skrifað á lífsins bók." Eg svaraði henni þá: þetta eru fagrir draumar, sem gjöra tímann svo ánægjuríkan fyrir einum líðandi Jesú vini! Hún ansaði: láti Drottinn yður sömu náð hlotnast, á yðar banasæng, þá skuluð þér fá að reyna, að það er meira enn draumur. Eptir eitt stutt samtal um Guðs þolinmæði og gæðsku, um hans náð og miskun við syndarana, samt um hans elsku til sinna, vildi hún að morgunbæn haldast skyldi, sem og strax skeði. Undir bænagjörðinni reis hún upp og kraup á kné í sænginni. Þegar einhver vildi nú hindra hana frá því og sagði: „liggðu kyr, því þú ert svo ofurveik!" svaraði hún: „æ lofið ogsvo mínum líkama að sýna nokkra auðmýkt fyrir Guði, meðan hann megnar; þegar hann er í grofina kominn, getur hann það aldeilis ekki."

Eptir bænagjordina þackadi hún ollum, sem fyrir henni hofdu nockra mædu haft, og óskadi þeim Guds blessunar þar fyrir. Til min sagdi hún: „Gud er svo gódur vid mig, at minn líkami getur ei lengur afborid svoddan sælu." Hún þackadi mér yfrid kærleiksliga, og sagdi: „Í himnaríki fáid þér þá mædu launada, sem þér fyrir Guds skuld, hafid tekid uppá ydur, mín vegna, eins vesælings Lappa=barns. Eg fer á undan ydur til himnaríkis, og þrái med gledi, ad siá ýdur koma á eptir mér." Hond konu minnar þrickti hún ad munni sér, og bad hana ei þreytast yfir mædu þeirri, sem fyrir sér þyrfti ennnú ad hafa, þartil kroppur sinn legdist í jordina. Þar eptir kvaddi hún fólkid og sagdi: „verid nu sæl oll saman, sem hér inni erud! Segid ollum monnum, og talid um vid þá, hvorsu ánægdur og sæll sá deyi, sem er til daudans vel undirbúinn, og fær ad deya í Drottni! Drottinn Jesús minn frelsari, láti yckur oll fá ad deya, svo vel og ánægd, sem eg nú dey!" Nú beiddist hún, ad Gudi til lofs og dýrdar væri einn morgunsálmur súnginn. Þá var byrjadur á lapplendsku sálmur þessi: „vakna mín sál, og veittu lof," og svo fr., hvor í því túngumáli er mikid hjartnæmur. Þegar sálmurinn var á enda, taladi hún eckert framar, heldur lá mikid rólig, og sofnadi sídan fám minútum þar eptir, med apturluktum augum og samanlogdum hondum.

Hvílíka verkun hennar daudans undirbúníngur og glediligi-afgángur frá þessu lífi gjørdi hjá øllum þeim, sem þar uppá sáu, og mørgum ødrum, sem heyrdu um hana talad, kann eg ei med pennanum ad útmála.

Eg get ecki tárabundist, svo opt sem eg hugsa þar til, og undireins verdur þessara orda meiníng sólskær fyrir mínum augum: Sælir eru þeir sem í Drottni deya!

Kaupmannahøfn 1834.
Prentad hjá S. L. Møller.